

## Verklagsreglur nemendaverndarráðs Þjósárskóla.

Starfsemi nemendaverndarráðs Þjósárskóla fer samkvæmt [grunnskólalögum 91/2008](#) og [V.kafla reglugerðar um sérfræðipjónustu og nemendaverndarráð í grunnskólum 584/2010](#).

Nemendaverndarráð fjallar um og samræmir skipulag og framkvæmd þjónustu er varða málefni einstakra nemenda og nemendahópa eftir atvikum hverju sinni. Ráðið fjallar um tilvísanir til sérfræðipjónustu og fundargerðir teymisfunda vegna einstakra nemenda. Einnig fjallar ráðið um sérstakar beiðnir sem því berast frá kennurum og foreldrum er varða almenna þjónustu skólans og sérfræðipjónustu við nemendur.

Þegar máli ákveðins nemanda er vísað til nemendaverndarráðs skal umsjónarkennari eða foreldri útfylla beiðni á þar til gert eyðublað. Með beiðni geta fylgt nánari útskýringar eða gögn.

Hægt er að vísa hópi nemenda til ráðsins á sama hátt, þ.e. með því að gera grein fyrir hópnum, ástæðu beiðninnar, útskýringum á hvað hefur verið gert og hver staðan er.

Nemendaverndaráð er skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur skólans.

Nemendaverndarráð metur hvort tilkynna beri mál nemenda til barnaverndarnefndar og boðar fulltrúa barnaverndarnefndar og félagsmálayfirvalda á fundi þegar þurfa þykir.

Fundir eru haldnir að lágmarki þrisvar á skólaári, í upphafi skólaárs og á annarskilum, oftast eftir þörfum.

Farið er með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli um þagnarskyldu og gildandi lög um persónuvernd.

Sett saman á fundi ráðsins 2. og 16. desember 2010.